

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra

Vegagerðin

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

Bergthora.thorkelsdottir@vegagerdin.is

Stefan.erlendsson@vegagerdin.is

Efni: Skyldur veghaldara vegna yfirgefins búnaðar og ökutækja á veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar

Heilbrigðiseftirlitin á landsbyggðinni vekja athygli á því að fjölmörg biluð eða skemmd ökutæki og búnaður hafa staðið um lengri eða skemmri tíma á veghelgunarsvæði Vegagerðarinnar við þjóðvegi landsins. Slíkt fyrirkomulag felur í sér verulega mengunarhættu, þar sem hættu er á leka eldsneytis, olíu og kælivökva, auk slysaþættu fyrir vegfarendur og búfé.

Samkvæmt 12., 13. og 47. gr. vegalaga nr. 80/2007 ber Vegagerðin fulla ábyrgð á veghaldi þjóðvega, umferðaröryggi og umsjón veghelgunarsvæða. Veghaldara er skýr heimild að fjarlægja óviðkomandi muni af vegi eða vegsvæði á kostnað eiganda. Einnig er skýrt að óheimilt er að láta laus mannvirki eða ökutæki standa innan 30 metra frá miðlínu stofnvega án leyfis veghaldara.

Heilbrigðiseftirlitin hafa þegar, í samráði við lögreglu, látið fjarlægja nokkur slík ökutæki vegna brýnna öryggis- og umhverfissjónarmiða, þótt það sé hlutverk Vegagerðarinnar samkvæmt lögum. Embættin telja óviðunandi að ástandið haldi áfram óbreytt og fara fram á að Vegagerðin:

1. Fari að ákvæðum vegalaga nr. 80/2007.
2. Sinni reglubundinni og tafarlausri hreinsun ökutækja og búnaðar af veghelgunarsvæðum Vegagerðarinnar.
3. Gæti að umferðaröryggi og greiðfærni.

Fh. Heilbrigðiseftirlita Norðurlands eystra, Aursturlands, Suðurlands, Vesturlands og Vestfjarða

Sigríður Hjaltadóttir

framkvæmdastjóri

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra